

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

#### *Breyting á deiliskipulagi hesthúsasvæðis á Varmárbökkum.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 21. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi hesthúsasvæðis á Varmárbökkum, Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í að heimilt er að reisa reiðhöll, aðstöðu fyrir reiðskóla ásamt bílastæðum á svæðinu. Stærð lóðar er 15.982 m<sup>2</sup> og stærð byggingarreits 4.050 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð húss er 11 m.

#### *Breyting á deiliskipulagi Reykjavegar 36.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 31. ágúst sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi Reykjavegar 36 í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í að lóðin er stækkuð úr 10.640 m<sup>2</sup> í 11.165 m<sup>2</sup> til austurs. Heildarbyggingarmagn er aukið úr 2.338 m<sup>2</sup> í 3.350 m<sup>2</sup>. Hámarkshæð húss verður 8,4 m. Nýtingarhlutfall verður 0,3.

#### *Breyting á deiliskipulagi í Laugabólslandi, Dalsá og Fell.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkt á fundi sínum þann 21. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Laugabólslandi, Dalsá og Fell, í Mosfellsbæ í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að heimilt er að reisa nýtt íbúðarhús á lóð Fells, jafnframt er aðkoma að lóðinni færð til. Heimilt er að byggja viðbótarhús á lóð Dalsár. Óheimilt er að endurbyggja hús sem standa utan byggingarreits.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 17. október 2005,*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.